



Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið

Lagt fyrir 353. fund velferðarráðs 24. apríl 2019  
VEL2018110020  
RÁ/bm

## Tillaga

**Viðtakandi:** Velferðarráð  
**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

### *Tillaga: Heimild til notkunar á eigin matarílátum á Vitatorgi.*

Lagt er til að þeim sem óski þess verði boðið að koma með eigin ílát og setji mat í það sjálf í mötuneyti velferðarsviðs á Vitatorgi. Jafnframt verði boðið upp á kaup á umhverfisvænum einnota umbúðum fyrir 100 kr. Um tilraun verður að ræða sem hefst þann 1. maí nk. og stendur til 30. nóvember 2019. Verkefnið rúmast innan fjárhagsramma.

### **Greinargerð:**

Á fundi velferðarráðs þann 12. desember 2018, lögðu fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna fram svohljóðandi bókun:

*„Mikilvægt er að huga að mögulegu krosssmiði í svo stóru eldhúsi sem um er að ræða á Vitatorgi, sérstaklega með tilliti til þess að oft er um viðkvæman notendahóp að ræða. Aldraðir eru útsettari en aðrir hópar fyrir alvarlegum veikindum af völdum smits sem orðið getur við gerð og dreifingu matvæla og því mikilvægt að tryggja að fyllsta hreinlætis sé gætt við gerð og flutning matvæla til þessa hóps. Að sama skapi er þó mikilvægt að leita leiða til þess að auka notkun umhverfisvænna umbúða án þess að slíkt komi niður á heilsu eldri borgara. Fulltrúarnir beina því þeim tilmælum til velferðarsviðs að útfæra tilraunaverkefni sem felur í sér notkun fjölnota umbúða og gerir notendum kleift að nota eigin ílát, að því tryggðu að sjónarmið um matvælaöryggi og heilsuvernd séu höfð til leiðsagnar.“*

Í framleiðslueldhúsinu á Vitatorgi eru bæði framleiddar máltíðir til heimsendingar og matur sendur út til 15 móttökueldhúsa velferðarsviðs. Jafnframt er þar mötuneyti þar sem matnum er skammtað á diskka af starfsmönnum eldhússins. Um 30% af matnum er seldur í einnota bökkum sem fólk tekur með sér heim.

Eldri borgarar eru viðkvæmur neytendahópur með viðkvæmt ónæmiskerfi og þarf því að gæta sérstaklega að því hvernig matvælaöryggi þeirra er tryggt. Í framleiðslueldhúsinu er ekki aðstaða til þess að vera með fjölnota umbúðir vegna skorts á rými til þess að þrifa ílátin.

Tilraunin á Vitatorgi er útfærð þannig að fólk hefur val um tvær leiðir til að taka mat með sér heim:

a) Þeir sem óska eftir að koma með eigin matarílát að heiman undir máltíðina, fá hana framreidda á disk eins og aðrir matargestir en geta sjálfir fært matinn af disknum yfir í ílát. Með þessu móti er hægt að koma í veg fyrir hugsanlega krossmengun og að óæskilegar og sjúkdómsvaldandi bakteríur berist inn í eldhúsið.

b) Jafnframt verður fólk boðið að kaupa umhverfisvænar einnota umbúðir á staðnum sem starfsfólk eldhússins skammtar beint í. Um er að ræða aukakostnað fyrir matargesti sem nemur kr. 100 fyrir máltíðina.

Tilraunin hefst þann 1. maí nk. og stendur til 30. nóvember 2019. Að því loknu mun verða metið hvernig til tókst með könnun meðal matargesta og starfsfólks. Verkefnið rúmast innan fjárhagsramma.